



Lbs.-Hbs. vantanasafn

Rósa Björg Jónsdóttir
10. maí 2019

Skylduskil

Eitt af hlutverkum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem þjóðbókasafns, er að safna öllu efni sem út er gefið eða ætlað er til dreifingar á Íslandi og varðveita það efni til framtíðar og gera það aðgengilegt öllum sem vilja nota það til fróðleiks og rannsókna. Til stuðnings því hlutverki hafa verið sett lög um skylduskil, nú í gildi lög nr. 20/2002. Í þeim er útgefendum, prentsmiðjum og öðrum fjölföldunaraðilum gert skylt að senda tiltekinn fjölda eintaka af öllu útgefnu efni, óháð útgáfuformi, til safnsins til varðveislu. Skilaskyldan nær einnig til efnis sem framleitt er erlendis fyrir íslenska útgefendur. Skylduskil til safnsins ná yfir allt efni útgefnu á prenti, á stafrænu/rafrænu formi, hljóðrita og kvikmynda.

Varaeintakasafn

- Eitt af söfnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er varaeintakasafn sem er staðsett í Reykholti. Hlutverk safnsins er að varðveita íslenska prentsögu, hvort sem efnið er prentað hér á landi eða erlendis. Íslandstengt efni og erlendar útgáfur um Ísland eru ekki varðveittar í varaeintaksafni. Þetta safn er nú sýnilegt í Gegni og á leitir.is. Varaeintakasafnið er hugsað fyrst og fremst til varðveislu og er því afnot efnis óheimil
- Varaeintakasafn er líka til fyrir hljóðrit og annað efni en prentað, en það er staðsett í Reykjavík. Gilda sömu reglur um það og í Reykholti, nema safnað er varaeintak af erlendum útgáfum ef við eignumst þær

Vantanasafn

- Safnið er sjálfstætt lifandi safn (VANHL) á vegum Landsbókasafns
- Byrjað var að tengja í safnið 1. janúar 2019
- Tilgangur safnsins er að geta haldið utan um hvaða gögn hafa ekki borist/vantar á Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns
- Þetta geta bæði verið eigin útgáfur og/eða prentað í prentsmiðju, mismunandi prentanir bóka, tölublöð tímarita, mismunandi ár af ársskýrslum, plötuumsög, mismunandi útgáfuform hljóðrita, eintak safnsins sé lélegt og annað í þeim dúr

Vantanasafn

- Tengingar eru að mestu gerðar handvirkt af nokkrum starfsmönnum
- Ekki er markvisst tengt inn, nema að hluta
- Ekki er nýtt efni eða nýlegt, sem er í innheimtu, sett í vantanasafn
- Erum strax farin að sjá árangur af vinnu okkar við safnið. Safnið auðveldar starfsmönnum við uppflettingar. Síðan eru bæði einstaklingar og önnur söfn farin að láta okkur fá gögn sem vantar

Vantanasafn

- Safnið er sýnilegt í Gegni og á leitir.is

Eintakalisti fyrir færslu 000722616 í safni VANHL

Desc.	Sublibrary	Call number	Status	Barcode	Collection
Snælda - aðaleintak	Lbs-Hbs Vantanasafn		Vantar á Landsbókasafn	50-332336	HLMY
Snælda - varaeintak	Lbs-Hbs Vantanasafn		Vantar á Landsbókasafn	50-332337	HLMY

Lbs-Hbs Vantanasafn

Aðgengilegt, Þjóðarbókhlaða



Staða / Skiladagur í hillu Lbs-...
Þjóðarbókhlaða

Lánstími Vantar á Landsbókasafn

Skráðu þig inn til að taka frá



Staða / Skiladagur í hillu Lbs-...
Íslandssafn

Lánstími Vantar á Landsbókasafn

Skráðu þig inn til að taka frá



Staða / Skiladagur í hillu Lbs-...
Varaeintakasafn

Lánstími Vantar á Landsbókasafn

Skráðu þig inn til að taka frá



Skipting safnsins

- Safnið skiptist niður í fjórar safndeildir
 - Hljóð- og myndsafn
 - Íslandssafn
 - Varaeintakasafn
 - Þjóðarbókhlaða
- Í rauninni eru þetta fjögur vantasöfn undir einum hatti
- Mismunandi safndeildir auðvelda okkur að halda hvert safn fyrir sig

Staðan 10. maí 2019

- Alls er búið að tengja vantanir við 3.102 bókfræðifærslur
 - Hljóð- og myndsafn – 530
 - Íslandssafn – 1.604
 - Varaeintakasafn – 1.976
 - Þjóðarbókhlaða – 459
- Framtíðarhugsunin er sú að það verði hægt að leita einungis í viðkomandi safni og sjá strax hvort eitthvað efni vantar til varðveislu

Ykkar „hlutverk“

- Hvernig snertir þetta safn ykkur?
- Öll fáum við yfirfullt af gjöfum
- Ef þið ætlið ekki að taka inn gögn úr gjöfum, eða eruð að grisja eldra gögn í góðu ástandi, endilega athugið hvort gagnið sé til á Landsbókasafni
- Varðveisla á íslenskum menningararfi er hagur okkar allra



Takk fyrir